

Nefndasvið Alþingis – vegna þingmáls 527.

Tillaga að breytingu á lögum um menningarminjar nr 80/2012.

Friðlýsing trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs / Umsögn Minjastofnunar Íslands

Reykjavík, 12. maí 2021.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við orðalag viðbóta við 5. grein laga nr. 80/2012 og nýrrar greinar á eftir 18. gr. laganna.

Minjastofnun telur þó mikilvægt að eftirfarandi skilgreining komi fram í greinargerð með frumvarpinu og í reglugerð með lögnum :

Að mati Minjastofnunar Íslands ber að skilgreina garða, trjálundi og einstök tré sem gróðursett hafa verið af mönnum á tilteknum stað sem “mannvirki” sem mótuð af ákveðinni formhugsun (hönnun) og gróðursett í ákveðnum tilgangi. Gera þarf skýran greinarmun á gróðri sem þannig er hluti af mótuðu, manngerðu umhverfi annars vegar og hins vegar sjálfsprottnum gróðri sem tilkominn er af náttúrulegum völdum án inngrips mannsins.

Að mati Minjastofnunar er því eðilegt að garðar, trjálundir og einstök tré falli undir þau ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem taka til mannvirkja fremur en fornleifa. Þannig verði heyri tillögur að friðlýsingum, styrkumsóknir og önnur erindi er varða garða, trjálundi og einstök tré undir verksvið húsafriðunarnefndar fremur en fornminjanefndar. Mikilvægt er að þetta sé skýrt skilgreint til að eyða allri óvissu um málsmeðferð.

Að gefnu tilefni vill Minjastofnun vekja athygli löggjafans á nauðsyn þess að taka til skoðunar 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem kveðið er á friðun allra húsa og mannvirkja sem eru 100 ára og eldri. Lengi hefur verið um það rætt að eðilegra væri að binda friðunina við tiltekið ártal fremur en 100 ára aldurstölu, ekki síst þar sem friðuðum húsum og mannvirkjum á grundvelli aldursreglunnar mun að öllu óbreyttu fjölga mjög ört á komandi árum ef orðalag 29. greinar stendur óbreytt.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,
Virðingarfyllt,

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður
Pétur H. Ármannsson sviðsstjóri
Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri